

Skýrsla Svæðisstjóra Óðinssvæði

Stjórnarskipti fóru fram á tímabilinu frá 2 október hjá Emblum til 28 okt en þá var skipt um stjórn hjá Grími, stjórnarskiptin voru skemmtileg reynsla og lærdómsríkt að heimsækja klúbba á okkar stóra svæði og sjá hvernig starfið er breytilegt á mismunandi svæðum svo og kynna fleirum félögum í klúbbunum.

Svæðisráðstefna var haldin þann 24 nóvember viku seinna en áætlað var en henni varð að fresta vegna veðurs og færðar. Ráðstafnan var haldin með öðru sniði en áður þar sem ekki voru lesnar skýrslur forseta heldur var búið að senda mér þær allar og sendi ég þær allar á forseta og ritara klúbbanna svo að félagar gætu kynnt sér skýrslurnar í tíma og tekið þátt í umræðum um skýrslur sem voru eftir sem áður á dagskrá þetta stytta tímamál sem fór í skýrslur um meir en helming svo að tími gafst til að gera aðra tilraun þar sem þáttakendum var skipt í 3 hópa sem ræddu 3 málefni sem voru félagafjölgun, fjáröflun og samskipti klúbba og umdæmisstjórnar síðan flutti einn úr hverjum hóp nipurstöðu hópsins um málefnið. Mér fannst vel til takast og góðar umræður og finar hugmyndir komu fram og eftir því sem ég hef heyrt er almenn ánægja með fundinn og stefni eg á að hafa fundi svæðissins á þessum nótum áfram. Eitt af þeim málefnum sem voru rædd er sameiginlegt styrktarverkefni sem verið hefur um nokkurra ára bil hjá svæðinu ýmsar hugmyndir voru reifaðar svo sem að lagt var til að fara í sameiginlega fjáröflun til þessa verkefnis samþykkt var að svæðisstjórn kæmi með tillögur um hvernig þessum málum yrði skipað til framtíðar .

Þá er það það sem við erum mikið að horfa til þ.e. félagafjöldi í þegar ég tók við voru félagar 166 en nú erum við 167 (miðað við fyrirliggjandi skýrslur) að misstakosti 6 hafa gengið í klúbbana en afföll hafa líka orðið 3 félagar hafa látist þar af 2 í Súlum og stendur því sá klúbbur tæpt með einungis 8 félagar og alla vel við aldur meðalaldur 72 ár þessu til viðbótar hafa 2 sagt sig úr Kiwanis.

Starf klúbbanna er með ágætum allir eru að vinna að einhverjum verkefnum til fjáröflunar ýmist einsskiptis eða verkefnum sem standa allt árið .

Hér hefur verið stiklað á stórum um málefni Óðinssvæðis en ég læt þetta duga að sinni

Svæðisstjóri Óðinssvæðis

Gunnsteinn Björnsson